

## Sveitarstjórnarfundur 5. desember 2021

Sunnudaginn 5. desember 2021 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 36. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Arnlín Óladóttir, Margrét Ólöf Bjarnadóttir, Kristín Einarsdóttir og Halldór Logi Friðgeirsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00. Arnlín Óladóttir ritar fundargerð á tölvu.

### Dagskrá 36. fundar:

1. Fundargerð 35. sveitarstjórnarfundar 4.11.2021.
2. Fundagerðir nefnda
3. Aðrar fundagerðir
4. Fjárhagsáætlun 2022 – Fyrri umræða
5. Endurskoðun samstarfssamnings um byggingar- og skipulagsfulltrúa
6. Erindi frá Tálknafjarðarhreppi
7. Fyrirspurn um útsvarsprósentu
8. Hleðslustöðvar á Vestfjörðum
9. Erindi Framúrskarandi fyrirtækja
10. Beiðni um auglýsingu í Strandapóstinum
11. Beiðni Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga
12. Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands
13. Bréf frá Menntamálastofnun
14. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga
15. Almannavarnir og Covid 19

### Fundargerð:

#### **1. Fundargerð 35. sveitarstjórnarfundar 4.11.2021**

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

#### **2. Fundagerðir nefnda**

1. Fundur Fræðslunefndar 10.11.2021. Fundargerð lögð fram.  
Liður 1: Margrét Bjarnadóttir valin til setu í áfallanefnd fyrir hönd hreppsnefndar.  
Liður 2 frestað til næsta fundar.  
Liður 3. Viðgerð skólahúsnæðis er nú þegar komin á fjárhagsáætlun og iðnaðarmenn í startholunum.  
Sveitarstjórn staðfestir fundargerð.

#### **3. Aðrar fundagerðir**

1. Samband íslenskra sveitarfélaga, 903. fundur stjórnar, 26.11.2021  
Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

#### 4. Fjárhagsáætlun 2022 – Fyrri umræða

- a. Tillaga að tekjustofnum 2022
  - i. Útsvar: 14,52% af útsvarsstofni eða hámarks útsvarsálagning sem heimilt er samkvæmt lögum.
  - ii. Fasteignaskattur.
    - a. Íbúðarhús og útihús í sveitum: 0,5% af fasteignamati húss og lóðar.
    - b. Opinberar byggingar: 1,32% af fasteignamati húss og lóðar .
    - c. Aðrar fasteignir: 1,4% af fasteignamati húss og lóðar.  
Afsláttur vegna fasteignaskatts aldraðra 70 ára og eldri og 75% öryrkja, sem búa í eigin húsnaði er tekjutengdur og miðaður við árstekjur samkvæmt nýjasta skattframtali. Þar með talið eignir og fjármagnstekjur.  
Gjalddagar fasteignagjalda verði 5. þ.e.: 1. feb, 1. apr, 1. júní, 1. ágúst og 1. október.
  - iii. Lóðarleiga í Drangneslandi: Lóðarleiga verði 1,3% af fasteignamati lóðar.

Samþykkt samhljóða.

- b. Tillaga að gjaldskrá 2022
  - i. Gjaldskrá Drangnesvatnsveitu: Sveitarstjórn ákveður að notendagjöld hækki ekki og eingreiðslugjöld verði óbreytt.
  - ii. Gjaldskrá fyrir fráveitur í Kaldrananeshreppi: Sveitarstjórn ákveður að notendagjöld hækki ekki og eingreiðslugjöld verði óbreytt.
  - iii. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi. Sveitarstjórn ákveður að notendagjöld hækki ekki og eingreiðslugjöld verði óbreytt.
  - iv. Gjaldskrárhækkun Hitaveitu Drangness: Sveitarstjórn ákveður að notendagjöld hækki ekki og eingreiðslugjöld verði óbreytt.
  - v. Gjaldskrá Drangneshafnar: Sveitarstjórn ákveður að notendagjöld hækki ekki og eingreiðslugjöld verði óbreytt.
  - vi. Gjaldskrá vegna skipulags og byggingargjalda: Oddviti leggur fram tillögu um að gjöld vegna þjónustu byggingarfulltrúa verði í samræmi við gjaldskrár þeirra sveitarfélaga sem nýta sér þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa Stranda- Dala- og Reykhóla. Tillagan borin upp og samþykkt.

Ýmsar gjaldskrár og þjónustugjöld sem innheimt eru af Kaldrananeshreppi. Oddviti leggur til að þessi þjónustugjöld verði óbreytt.

Samþykkt samhljóða

#### 5. Fjárhagsáætlun 2022 og fjöggra ára áætlun 2022 – 2025 - Fyrri umræða

Fjárhagsáætlun 2022 og fjöggra ára áætlun 2022-2025 rædd og oddviti gerir grein fyrir rekstrarliðum sveitarfélagsins og fyrirhuguðum fjárfestingum ásamt fjármögnun. Fjárhagsáætlun 2022 afgangur til síðari umræðu.

Samþykkt samhljóða.

#### **6. Endurskoðun samstarfssamnings um byggingar- og skipulagsfulltrúa**

Drög að samstarfssamningi milli sveitarfélaganna Árneshrepps, Dalabyggðar, Kaldrananeshrepps, Reykhólahrepps og Strandabyggðar um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa lagður fram til kynningar.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps gerir ekki athugasemdir og veitir jákvæða umsögn. Borið upp og samþykkt samhljóða.

#### **7. Erindi frá Tálknafjarðarhreppi**

Tálknafjarðarhreppur óskar eftir afstöðu sveitarstjórna til þess að hefja óformlegar viðræður sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaga.

Erindi lagt fram til kynningar og frestað til næsta fundar.

#### **8. Fyrirspurn um útsvarsprósentu**

Skrifstofa skattamála minnir á að tilkynna þurfi um ákvörðun sveitarstjórnar um útsvarsprósentu komandi árs eigi síðar en 15. desember til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Oddvita falið að bregðast við fyrirspurn. Fyrirspurn lögð fram til kynningar og samþykkt.

#### **9. Hleðslustöðvar á Vestfjörðum**

Fyrirtækið Blámi sem hefur verið í sambandi við Tesla um fjölgun hleðslustöðva á Vestfjörðum biðlar til sveitarfélaga að hafa verkefni þeirra í huga en Tesla býðst til að gefa hleðslustöðvarnar. Um er að ræða 22 kw Tesla hleðslustöðvar sem opnar verða fyrir alla rafbíla, uppsetningarkostnaður er áætlaður um 100 – 200 þúsund en það fer eftir aðstæðum á hverjum stað.

Verkefni lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn ákveður að þiggja tilboðið og fela oddvita að ræða um fyrirkomulag, staðsetningu og uppsetningu stöðvarinnar.

#### **10. Erindi frá Fiskvinnslunni Drangi**

Fiskvinnslan Drangur sendir Kaldrananeshreppi póst þar sem spurst er fyrir um áhuga hreppsins um sameiginlegt átak í að merkja alla helstu staði í sveitarfélagi. Sérfræðingur yrði fenginn til að fara yfir svæðið og gera tillögur.

Erindi lagt fram til kynningar. Sveitarstjórn ákveður að athuga málið betur og kanna kostnað. Borið upp og samþykkt.

## 11. Beiðni um auglýsingu í Strandapóstinum

Hreppnum barst fyrirspurn frá ritnefnd Strandapóstisins þar sem athugað er hvort áhugi væri fyrir því að kaupa heilsíðauglýsingu í Strandapóstinum, sem kemur út í vor. Heilsíða kostar 25.000-. kr.

Beiðni lögð fyrir.

Sveitarstjórn ákveður að taka tilboðinu og felur Kristínu Einarsdóttur að sjá um auglýsinguna sem segir frá þjónustu í sveitarfélaginu.

## 12. Beiðni Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga

Beiðni Karls Björnssonar er tvíþætt og hljóða svo:

### 1. *Breytt skipulag barnaverndar*

Á síðasta löggjafarþingi voru gerðar breytingar á barnaverndarlögum sem lúta fyrst og fremst að breyttu skipulagi barnaverndar sem taka gildi að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum. Því þarf sveitarfélagið að huga að samvinnu sín á milli bæði við rekstur barnaverndarþjónustu og umdæmisráða, ásamt því að taka ákvörðun hvort óskað verði eftir undanþágu frá 6.000 íbúa lágmarksfjölda.

### 2. *Uppfærsla svæðisáætlana vegna lagabreytinga*

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga var fjallað um þær breytingar sem framundan eru í úrgangsmálum í kjölfar nýlegra breytinga. Stjórnin áréttar að mikilvægt er fyrir sveitarfélög að hefja undirbúning fyrir gildistöku lagabreytinganna.

Beiðnir lagðar fram til kynninga.

## 13. Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands

Þjóðskjalasafn Íslands hefur gefið út skýrslu með niðurstöðum úr eftirlitskönnun safnsins á skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns Íslands.

Bréf og skýrsla lögð fram til kynningar.

## 14. Bréf frá Menntamálastofnun

Mennta- og menningarráðuneytið hefur falið Menntamálastofnun að taka við upplýsingum frá sveitarfélögum um stofnun nýrra leikskóla og þegar rekstri leikskóla er hætt með vísan til 24. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Bréf lagt fram til kynningar.

## 15. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Óskað er eftir þátttöku og framlags sveitarfélagsins til að taka þátt í samstarfi sveitarfélaga um stafræna umbreytingu. Samstarfið verður fjármagnað annars vegar

með skyldubundnu grunnframlagi sem rennur fyrst og fremst til þess að standa undir launakostnaði sérfræðinga í stafrænu umbreytingateymi sveitarfélaga, og hins vegar með framlögum til að standa straum af þróun og kaupum á lausnum.

Bréf lagt fram til kynningar.  
Sveitastjórn ákveður að taka þátt í verkefninu.

#### **16. Almannaþing og Covid 19**

Sveitastjórn fer yfir nýjustu sóttvarnarráðstafanir fyrir starfsemi sveitarfélaga og leggur nýjustu reglugerðir og leiðbeiningar fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 22:00